


DMP-verkefni: Samstarfsverkefni um ábyrga þróun ferðamála á Íslandi - kynning.

Ferðamálastofa og Markaðsstofur allra landshlutanna með stuðningi frá Stjórnstöð Ferðamála hafa undirritað samstarfssamning um að vinna heildstæðar stefnumarkandi stjórnunaráætlanir eða svokallaðar DMP áætlanir (Destination Management Plans) fyrir áfangastaðinn Íslandi.

Sjá nánar: <https://www.ferdamalastofa.is/is/troun-og-samstarf/stefnumarkandi-stjornunaraetlanir>

DMP áætlanir verða unnar í hverjum landshluta fyrir sig og svo sameinað í eina heildar stefnumarkandi stjórnunaráætlun í ferðamálum fyrir Ísland.



DMP áætlanagerð er heildstætt ferli þar sem litið er til stöðu, skipulags og samhæfingar í þróun og stýringu þeirra þátta sem geta haft áhrif á uppbyggingu og upplifun tengda ferðaþjónustu.

DMP vinnan miðar að því að búa til heildstæða stefnu sem byggir á greiningum á stöðu, framtíðarhorfum, væntingum, þörfum og þölmörkum umhverfis, samfélags, fyrirtækja og gesta.

DMP vinnan mun byggja á og styðja við aðrar áætlanir og verkefni sem snúa að ferðaþjónustu, s.s. landsáætlun sveitarfélaganna, auðlidakorti Ferðamálastofu ofl.

Afurð DMP verkefnisins á að vera sameiginleg sýn, stefnumótun og aðgerðaáætlun skipulagsyfirvalda og hagaðila ferðaþjónustunnar, sem hefur það að markmiði að stýra á ábyrgan hátt uppbyggingu og þróun ferðamála.

Verkefnið sem er eitt stærsta samhæfða þróunarverkefnið sem ráðist hefur verið í hér á landi, er eitt af forgangsverkefnum Ferðamálastofu og var sett fram sem áhersluverkefni í Vegvísi Stjórnstöðvar ferðamála.

En hvers vegna er talað um DMP-verkefni? „Stefnumarkandi stjórnunaráætlun áfangastaða“ er ekki mjög þjálft í málnotkun, en enska heitið á þessu ferli er „Destination Management Plans“ og er DMP skammstöfunin þekkt skilgreining á því ferli. Skoskur ráðgjafi mun starfa með verkefnisstjórn að þessari vinnu og því var ákveðið að nota þessa DMP skammstöfun fyrir þetta verkefni á Íslandi.

Markaðsstofa Vesturlands og SSV eru aðilar að þessu verkefni og koma til með að vinna heildstæða áætlun um framþróun ferðamála á Vesturlandi.

Áætlunin á Vesturlandi verður unnin á fjórum svæðum, þ.e. svæðið sunnan Skarðsheiðar; Akranes og Hvalfjörður, Borgarfjarðarsvæðið; Borgarbyggð og Skorradalur, Snæfellsnesi og Döllum. Heildar áætlun fyrir Vesturland verður svo unnin upp úr þessum fjórum áætlunum. Þetta verkefni er í startholunum og mjög mikilvægt að gott samtal og samstarf verði um framgang þessarar vinnu svo hún geti skilað raunhæfri og góðri áætlun fyrir Vesturland sem allir aðilar eru sáttir við. Margrét Björk hefur verið ráðin verkefnisstjóri fyrir DMP verkefnið á Vesturlandi.

